

ÖRFIRISEY RÉTT VIÐ BÆJARDYR HÖFUÐBORGARINNAR

Örfirisey er næstvestasta eyjan í Kollafirði og tengist landi með grjóthrygg sem nefndist Örfiriseyjargrandi, eða Grandinn. Í ritinu Reykjavík – Sögustaðir við Sund segir að Örfiriseyjar hafi fyrst verið getið 1379 þar sem Víkurkirkja hafi átt þar selalátur en eyjan varð síðan eign Viðeyjarklausturs. Einnig eru til munnmælasögur um að öndvegissúlur Ingólfs Arnarsonar hafi rekið á land í Örfirisey. Ýmiskonar atvinnustarfsemi hefur verið sinnt í Örfirisey, svo sem akuryrkja á öldum áður, en þar var einnig stunduð verslun, lýsisbræðsla, þar var frystihús og hagaganga sauðfjár og hrossa. Árið 1799 gekk mikið ofsaveður, svokallað Bátsendaveður yfir svæðið og gekk þá sjór yfir alla eyjuna. Eyddist þá öll byggð þar. Reynt var að endurnýja byggðina

en eyjan fór endanlega í eyði árið 1861. Árið 1906 keypti Reykjavík eyjuna vegna hafnargerðar. Árið 1913 hófst hafnargerðin og var þá lagður grjótgarður eftir Grandanum út að eyjuna. Breski herinn lagði eyjuna undir sig 1940 og reisti þar mikil vannvirki. Nú prýða mörg hús Grandann og má þar sérstaklega nefna Sjóminjasafnið Víkina sem er þar sérlega vel í sveit sett.



Málverk af Örfiriseyjargranda eftir Eyjólf J. Eyfells

SAIL HÚSAVÍK

– NORRÆN STRANDMENNINGARHÁTÍÐ SUMARIÐ 2011

Í júlí 2011 verður fyrsta norræna strandmenningarhátíðin haldin á Húsavík. Hugmyndasmiðurinn að þessari hátíð er formaður Íslenska vitafélagsins, Sigurbjörg Árnadóttir, sem hefur frá upphafi haldið góðum tengslum við systrafélögin á hinum Norðurlöndunum. Að hátíðinni standa norræn félög á sviði strandmenningar, ásamt heimamönnum. Veglegur bæklingur hefur verið gefinn út til að kynna hátíðina sem er sú fyrsta sinnar tegundar. Ætlunin er að þessi hátíð verði árlegur viðburður fyrst um sinn og verður næsta strandmenningarhátíð haldin í Ebeltoft í Danmörku árið 2012, Karlskrona heldur hátíðina 2013, Noregur 2014 og síðan koll af kalli. Handverk, tónlist, matur, ráðstefnur og málþing er meðal þess sem á dagskránni verður að finna.



Fréttabréf

Íslenska Vitafélagsins

Félags um íslenska strandmenningu 1. tbl. 2010



Íslenska vitafélagið, félag um íslenska strandmenningu undirbýr nú vetrardagskrá sína. Þótt félagið sé ekki gamalt – var stofnað 26. apríl 2003 – hefur það leitast við að efla þekkingu landans á þeim mikla menningararfi sem býr á ströndum landsins og hefur ef til vill verið of lítið sinnt til þessa. Okkur Íslendingum hættir til að hrífast af nýjungum og gleymum því gjarnan hvaðan við komum og hvað það er í menningu okkar sem gerir okkur sérstök. Sem fiskveiði- og siglingaþjóð hafa vitarnir gegnt sérstöku hlutverki allt frá því að fyrsti vitinn var byggður og bjargað ótöldum mannlífum. Það er fyrsta markmið félagsins að auka áhuga og þekkingu á vitum og sögu þeirra og í framhaldi af því að leita leiða til að vernda og varðveita vitana og benda á möguleika á að nýta þá til annarra verkefna en þeim var ætlað í upphafi.

Í þetta sinn sendum við út fréttabréf og upplýsingar um fjölbreytta dagskrá til félaga og áhugamanna um strandmenningu. Það er fleira sem tilheyrir strandmenningunni en vitarnir. Ýmiskonar minjar má finna á ströndinni um fyrri tíma fiskveiðar og verkun. Það má finna útgerðarstaði, varir og staði þar sem fiskur var verkaður svo sem fiskibyrgi ýmiskonar.

Fyrsta dagskrá vetrarins verður helguð **varðskipinu Óðni** sem um 50 ára skeið vann við björgun og landhelgisgæslu við strendur landsins. Vitafélagið mun síðan halda til Grindavíkur þar sem boðið verður upp á fræðslu um **Selatanga** og aðra merkisstaði þar í kring. **Örfirisey**, saga eyjunnar og hlutverk í Íslandssögunni verður kynnt og merkisstaðir á **Snæfellsnesi** verða heimsóttir. Ekki má gleyma hlutverki kvenna í öflun og nýtingu sjávarfangs og verður fjallað um **farandverkafólk** og **sjókonur** fyrri alda og einnig er hugmyndin að fjalla um **nýtingu sjávarfangs**.

Íslenska vitafélagið – félag um íslenska strandmenningu er áhugamannafélag sem leitast við að halda uppi þekkingarmiðlun og árvekni varðandi þennan mikilvæga málaflokk. Allar hugmyndir um umfjöllun um mál sem tengjast viðfangsefninu og björgunarleiðangri strandmenningarinnar eru vel þegnar.

Ritstjórn:

Sigrún Klara Hannesdóttir

Sigurbjörg Árnadóttir

Sigurjón Hannesson

ÓÐINN OG ÞJÓNUSTAN VIÐ VITA LANDSINS

Óðinn sinnti ekki eingöngu björgunarstörfum og landhelgisgæslu heldur þjónaði hann líka öryggismálum t.d. við að koma gashylkjum í vitana umhverfis landið. Erfitt gat reynst að draga gashylkin upp í vitana enda voru þau yfir 100 kíló að þyngd og erfitt fyrir skipverja að athafna sig á hálum klöppunum og í brattlendi við að draga hylkin frá fjöru og upp í vitana. Marga byltu hlutu menn við þessa flutninga og ekki öðrum fært að vinna verkið en þeim sem voru vel á sig komnir líkamlega.

Sigurjón Hannesson var lengi á Óðni, fyrst sem stýrimaður og svo skipherra á árunum 1961-1987. Hann minnst þess þegar byrjað var að nota þyrlu við að koma gashylkjum í vitana og var byrjað með þá tilraun við vitana á Þrídröngum og Geirfuglaskeri. Báðir þessir vitar eru á stöðum sem erfitt er að komast til, fyrir opnu hafi og á háum eyjum við Vestmannaeyjar og því erfitt að þjónusta þá.



Þrídrangar. Sjá má grilla í vitann upp á dranganum

Landhelgisgæslan fékk þyrluna TF EIR í maí 1965 og fljótlega eftir komu hennar var farið að huga að því hvort ekki væri hægt að nota þyrluna til að létta störfin við vitabjónustuna og þar á meðal við flutning á gashylkjunum. Í fyrstu tilraunin var farið með hylki í áður nefnda tvo vita. Var hugmyndin sú að þyrlan færi með hylkin í Þrídranga og Geirfuglasker. Síðan færu menn frá Árvakri á bát og fíkrúðu sig upp að vitanum í Þrídröngum eftir keðjunni til þess að tengja hylkin, en slyppu við að draga þau á sjálfum sér eins og áður var gert. Var Óðinn notaður við þessa tilraun þar sem þyrlan gat lent á þilfari hans.

Þyrlan gat auðveldlega flogið með hylkin og sleppt þeim við vitana, en erfitt var að láta hylkin stöðvast við Þrídrangavita vegna þess hversu þröngt er á klettinum og fóru fyrstu tvö hylkin út af klettinum og í sjóinn. Þá var gripið til þess ráðs að binda battinga á hylkin til að hindra þau í að velta eða renna og tókst með því að stöðva þau og ljúka verkinu. Seinna var síðan byggður þyrlupallur á Þrídröngum. Öðru máli gengdi með Geirfuglasker þar er gott pláss við vitann og gat þyrlan lent þar bæði með hylki og menn. Þyrlan var síðan nýtt í þessa flutninga víðar um landið og voru smíðaðar hylkjagrindur sem settar voru upp á enda hylkjanna og úr þeim hanafótur sem krækt var undir þyrluna. Þetta var gríðarlegur léttir og losaði skipverja undan miklu líkamlegu álagi og ekki þurfti að sæta lagi að væri lendandi við vitana. Þar sem ekkert þyrluskýli var á Óðni á þessum tíma þurfti þyrlan að fara á næsta flugvöll eða alla leið til Reykjavíkur að kvöldi. Hún kom svo aftur til verka þar sem skipið var næsta morgun. Smátt og smátt voru færðar út kvíarnar og þyrlan nýtt hringinn í kringum landið við flutning á gashylkjum í vitana og annan varning og einnig við steypuvinnu þegar byggð voru sjómerki í skerjum. Páll Halldórsson flaug þyrlunni við flutninginn í Þrídranga en hann og Björn Jónsson voru þyrluflugmenn á þessum tíma.

SELATANGAR

Í mars áætla Vitafélagið að halda veglega dagskrá í Grindavík enda margt þar að skoða. Aðalviðfangsefni fundarins verður hvort hægt sé að varðveita þær merku minjar um útræði fyrr á öldum sem enn er að sjá í Selatöngum. Einnig munu menn velta því fyrir sér hvort og þá hvernig megi vernda Selatanga og ef til vill skapa þar ný atvinnutækifæri.

En hvar eru Selatangar og af hverju eru þessar minjar merkilegar? Selatangar er gömul verstöð og liggur milli Grindavíkur og Krýsuvíkur. All mikið útræði var frá Selatöngum á árum áður og meða annars reru þar skip frá Skálholtsbiskupi. Vísa er til sem nefnir 82 sjómenn sem gaman væri að rifja upp. All miklar verbúðarústir eru þarna og einnig hefur verið hlaðið fyrir hraunhella sem vermenn höfðu til ýmissa nytja. Þessar minjar eru friðlýstar en þarfnast mjög viðhalds og umhirðu. Mikill reki var við Selatanga þótt rekinn hafi mikið minnkað á liðnum árum.



Selatangar

DRAUGURINN TANGA-TÓMAS

Sagt er að draugur nokkur, kallaður Tanga-Tómas haldist við á Selatanga. Í Þjóðsögum Ólafs Davíðssonar (I.315) er sagt frá draugnum á þá lund að Tómas nokkur hafi komið að Krýsuvík og beðist gistingar en verið úthýst. Tómas varð síðan úti á Selatanga en gekk aftur. Urðu margir fyrir aðsókn hans en einkum þó Beinteinn úr Hraunum sem oft var við selaveiðar á tanganum. Reyndi Beinteinn meira að segja að skjóta silfurhnöppum að draugnum sem átti að vera óbrigðult ráð við að kveða niður drauga en ekkert dugði á Tanga-Tómas. Ekki vitum við hvað varð um drauginn, en ekkert hefur af honum frétt nýlega.

www.vitafelagid.com

info@vitafelagid.com